

Fimmtudaginn 9. desember 1999.

Nr. 203/1999. **Hilda Hafsteinsdóttir**

(sjálf)

gegn

Jórunni Sigríði Sveinbjörnsdóttur

(enginn)

Börn. Móðerni. Útivist. Skriflegur málflutningur.

H höfðaði mál og krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi að J væri ekki móðir sín. Héraðsdómari taldi að H hefði lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið fyrir dómi hvort J teldist móðir hennar og var henni heimilað að krefjast dóms um kröfuna með löggjöfnun frá l. mgr. 52. gr. barnalaga nr. 20/1992. Varð niðurstaða héraðsdóms sú að fæðingarskýrsla og niðurstöður erfðamarkarannsóknar, sem gerð var á H og J, bæru með sér að H væri dóttir J og væru yfirgnæfandi líkur fyrir því að J væri móðir H. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest og kröfum H hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 10. febrúar 1999. Ekki varð af þingfestingu málsins og áfrýjaði hún á ný 20. maí 1999 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hún krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé ekki móðir hennar. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda hefur ekki látið málið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. nóvember 1998.**I.**

Mál þetta, sem þingfest var 15. október sl. og dómtekið sama dag, hefur Hilda Hafsteinsdóttir, kt. 170749-3839, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. október 1998, á hendur Jórunni Sigríði Sveinbjörnsdóttur, kt. 090325-7369, með lögheimili að Miðleiti 1, Reykjavík. Við þingfestingu málsins hinn 15. október 1998 var þing ekki sótt af hálfu stefndu og hefur því orðið útivist af hennar hálfu. Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að stefnda, Jórunn Sigríður Sveinbjörnsdóttir, sé ekki móðir stefnanda. Þá er einnig krafist málskostnaðar úr hendi stefndu.

II.

Stefnda hefur ekki látið málið til sín taka fyrir dómi. Samkvæmt gögnum málsins er stefnandi fædd hinn 17. júlí 1949 að Snorrabraut 33, Reykjavík, sbr. bréf Hagstofu Íslands, dags. 6. júlí 1994. Stefnandi kveðst vera alin upp hjá föður sínum og stefndu til 16 ára aldurs.

Meðal gagna málsins er bréf Gunnlaugs Geirssonar, prófessors við Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, varðandi erfðamarkarannsókn til þess að kanna skyldleika stefnanda og stefndu. Fram kemur í bréfi þessu að þeim hafi verið tekið blóð hinn 23. janúar 1995 og það sent út hinn 24. janúar 1995 til rannsóknarstofu The Forensic Science Service, Wetherby, Englandi, þar sem ítturrannsóknir hafi verið gerðar á erfðaefninu DNA hjá hvorum aðila um sig. Niðurstaða þeirrar rannsóknar, sbr. álitserð, dags. 13. mars 1995, var sú að líkurnar væru 99,99% fyrir því að stefnda sé móðir stefnanda.

III.

Stefnandi kveðst margsinnis hafa óskað eftir því við stefndu að hún kæmi sjálfviljug til blóðrannsóknar. Stefnanda hafi samþykkt þetta en ekki mætt þegar tímar hafi verið pantaðir. Stefnandi telur að þar sem hún sé fædd í heimahúsi sé tilkynning til hins opinbera og skráning um fæðingu hennar ekki óyggjandi þar sem hún sé byggð á frásögn stefndu.

Stefnandi segist vera ósátt við niðurstöðu erfðamarkarannsóknar, sbr. álitserð The Forensic Science Service, Wetherby, Englandi, dags. 13. mars 1995, bæði vegna flótta Gunnlaugs Geirssonar prófessors um að ræða hana nánar við stefnda og taka aðra blóðprufu og sanna mál sitt.

Stefnandi tekur fram að þegar hún hafi unnið hjá Félagsmálastofnun árið 1994 hafi hún verið send inn á heimili gamallar konu, sem hafi verið mjög forvitin um fjölskyldu stefnanda. Gamla konan hafi sagt að stefnda væri ekki rétta blóðmóðir hennar heldur hafi stefnda einungis alið hana upp.

Um lagarök vísar stefnandi til VII. kafla barnalaga nr. 20/1992, sbr. 52., 53. og 54. gr. með lögjöfnun. Þá vísar stefnandi til 62. gr. barnalaga.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr.

IV.

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu um að viðurkennt verði með dómi að stefnda Jórunn Sigríður Sveinbjörnsdóttir sé ekki móðir stefnanda.

Í barnalögum nr. 20/1992 er ekki að finna sérstök ákvæði sem lúta að vefengingu á móðerni barns. Hins vegar er að finna í 52. gr. ákvæði sem lýtur að vefengingu á faðerni barns. Er í sérákvæði þessu, sem gengur framur almennum reglum, að finna tæmandi talningu á þeim sem geta átt aðild að slíku máli. Enda þótt ekki sé í barnalögum gert ráð fyrir reglum sem varða vefengingu á móðerni barns, verður að telja að það útiloki ekki að slíkt mál verði höfðað. Leggja verður til grundvallar að barn geti haft jafnríka hagsmuni af því að fá móðerni sínu hnekk og það hefur af því að fá faðerni sínu hnekk.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið fyrir dómi hvort stefnda telst móðir hennar. Samkvæmt þessu þykir rétt eins og hér stendur á og með lögjöfnun frá 1. mgr. 52. gr. barnalaga að heimila stefnanda að krefjast dóms til viðurkenningar á því að stefnda sé ekki móðir hennar.

Kemur þá til skoðunar sú fullyrðing stefnanda að þar sem hún sé fædd í heimahúsi þá sé tilkynning til hins opinbera og skráning um fæðingu hennar ekki óyggjandi þar sem hún sé byggð á frásögn stefndu.

Fram kemur í bréfi Hagstofu Íslands, dags. 6. júlí 1994, sem er meðal framlagðra skjala, að engin önnur gögn séu til eða hafi verið til á Hagstofunni um fæðingu stefnanda en fæðingarskýrsla sem borist hafi frá Fríkirkjuprestakalli og sé númer 71 í kirkjubókinni frá árinu 1949. Ljósrit af fæðingarskýrslu þessari, sem er fyrir meistar fæddar árið 1949, liggur fyrir í málinu. Samkvæmt fæðingarskýrslunni er stefnandi máls þessa skráð sem dóttir stefndu Jórunnar Sigríðar Sveinbjörnsdóttur.

Þá liggur fyrir í málinu vottorð kvennadeildar Landspítalans, dags. 21. júní 1994, þar sem fram kemur að Jórunn Sigríður Sveinbjörnsdóttir hafi legið á kvennadeild Landspítalans í nóvember 1952 vegna fæðingar. Í þeirri sjúkraskrá standi að Jórunn hafi fætt meistarbarn í heimahúsi hinn 17. júlí 1949.

Loks er meðal framlagðra skjala bréf Gunnlaugs Geirssonar, prófessors við Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði. Fram kemur í bréfinu að hlutast hafi verið til um að framkvæmd yrði erfðamarkarannsókn til þess að kanna skyldleika stefnanda og stefndu. Þeim hafi verið tekið blóð hinn 23. janúar 1995 og það sent út hinn 24. janúar 1995 til rannsóknarstofu The Forensic Science Service, Wetherby, Englandi, þar sem ítturrannsóknir hafi verið gerðar á erfðaefninu DNA hjá hvorum aðila um sig. Í bréfinu segir orðrétt m.a. svo:

„Rannsókninni er nú lokið og liggur fyrir álitserð, sem dagsett er 13. mars 1995 og er hún undirrituð af S.M. Hill, B.A, M.Sc. Í álitserðinni segir að unnið hafi verið úr blóðfrumum frá málsaðilum, kom í ljós að helmingur af því mynstri, sem fannst í erfðaeftni Hildu Hafsteinsdóttur var einnig að finna í erfðaeftni Jórunnar Sveinbjörnsdóttur.

Því geta niðurstöðurnar vel samrýmt því að Jórunn Sveinbjörnsdóttir sé móðir Hildu Hafsteinsdóttur og með líkindareikningi má finna að það er 20 þúsund sinnum líklegra að Jórunn Sveinbjörnsdóttir sé móðir Hildu Hafsteinsdóttur heldur en að til greina komi önnur kona sem móðir hennar. Þetta samrýmist móðernislíkum, sem nema 99,99%.

Niðurstaða: Samkvæmt framanskraðu samrýmast niðurstöðurnar því að Jórunn Sveinbjörnsdóttir sé móðir Hildu Hafsteinsdóttur og eru líkurnar fyrir móðerninu 99,99%. Eru líkurnar svo miklar að ekki þykja nein rökræn efni til þess að vefengja móðernið.“

Svo sem að framan er rakið bera gögn málsins með sér að stefnandi sé dóttir stefndu. Þannig kemur fram í fæðingarskýrslu að Jórunn Sigríður Sveinbjörnsdóttir sé móðir stefnanda. Einnig benda niðurstöður erfðamarkarannsóknar, sem rannsóknarstofa The Forensic Science Service, Wetherby, Englandi, framkvæmdi, til þess að stefnda sé móðir stefnanda, en móðernislíkur nema 99,99%. Ekki er talin sérstök ástæða til að draga í efa niðurstöður rannsóknar þessarar.

Þegar framangreint er virt er það mat dómsins að af gögnum málsins verði ráðið að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því að stefnda Jórunn Sigríður Sveinbjörnsdóttir sé móðir stefnanda Hildu Hafsteinsdóttur.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er kröfu stefnanda um að stefnda sé ekki móðir hennar hafnað.

Friðgeir Björnsson dómstjóri kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefnda, Jórunn Sigríður Sveinbjörnsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málkostnaður fellur niður.